

Fundur 21.05. 2026

Mætt voru:

- Kolbrún
- Rán
- Sveinn Ingi

Rán upplýsti okkur um að margar fyrirspurnir um endurmat á vatni og jarðvarmi hafa borist UOS, Verkefnastjórn hefur ákveðið að biðja með að setja faghópum fyrir fleiri kosti uns þessum vindorkukostum er lokið.

Vantar uppfærð gögn fyrir þessar 4 virkjanir, sendum okkar kröfur um upplýsingar, Kolla fer í það eftir fund að laga upplýsingablaðið þannig að það sé bara með okkar kröfur.

Sameiginleg ferð Verkefnastjórnar og faghópa að Vaðölduveri og Hvammsvirkjun verður 5. Júní, eftir það verða komin sumarfrí.

Faghópur 4, ætlar að senda upplýsingablaðið á 6+1 virkjunakost auk 10 vindorkukosta sem eiga að fara í endurmat.

Rán sendir núna hvaða kostir þetta eru. Stefnum að koma þessum beiðnum út fyrir sumarfrí.

- HS orka
- Reykjanes
- Trölladyngju
- Hágönguvirkjun
- Og einhverja fleiri.

Rán sendir bréfin af stað og setur fyrirvara um að þetta séu ekki endanlegar upplýsingar.

Áreiðanleika pælingar.